

Svæðisráð vestursvæðis – símafundur 09.10.12

Fundarmenn: Ástvaldur Guðmundsson, Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Karl Ólvirsson, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason og Snorri Baldursson

1. Fundargerð síðasta fundar 25.09.12.

Samþykkt með lítilsháttar stafsetningarleiðréttingum.

2. Verndaráætlun fyrir stækkun vestursvæðis

Fyrir fundinum lá lítillega breytt tillaga “Önnur drög, september 2012”. Elín Heiða lagði til að farið yrði í gegn um tillöguna lið fyrir lið og afstaða tekin.

Eftirfarandi kaflar voru samþykktir óbreyttir: 2.3, 9.1.1, 9.1.5, 9.3.3, 9.3.4, 9.3.5.

Kafli 9.2. um víðerni var samþykktur með þeim fyrirvara að útlínur svæðisins væru réttar m.t.t. skilgreiningar á víðernum og fjarlægða frá vegum og mannvirkjum. Leitað verður til Hans H. Hansen um að teikna kortið rétt.

Talsverð umræða varð um kafla 9.3 Samgöngur:

- Ákveðið var að taka út “Leið frá Breiðbak að Botnaveri/Gnapavaði við Tungnaá” á þeirri forsendu að öll sú leið er utan þjóðgarðs.
- Ákveðið var að halda “Hringleið um Hellnafjall” inni sem torleiði en afmarka bílastæði bæði við upphaf leiðarinnar á F235, eins og þegar hefur verið gert, og niðri í Hvanngili áður en farið er yfir Hellnaá.
- Meirihluti svæðisráðsmanna vildi halda inni “Leið með norðurbakka Langasjávar” með skilyrðunum “Opin frá 1. september til 15. mars.” Rökin eru m.a. þau að leiðin er vinsæl haustleið og að göngufólk og kayakræðarar eru lítið á ferðinni svo seint, bílaumferð eftir 1. sept truflar því lítið sem ekkert aðra útivistarhópa. Ólafía Jakobsdóttir bókaði andstöðu á þeim forsendum að leiðin væri hættuleg og óþörf, það er samsíða leið sem liggur um Breiðbak.

SB gengur frá tillögunni á þessum forsendum og sendir í yfirllestur málfræðings áður en tillagan fer til stjórnar.

Fleir ekki rætt og fundi slitið.

10.10.12 SB